

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands
á fiskiskipum nr. 338/1978.****1. gr.**

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 3 500.00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 350.00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 6 200.00 á rúmlest.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 1 050 þúsund vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 112.00 á rúmlest af tréskipum og kr. 56.00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en kr. 16 750.00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem hér eru ákveðnar, gilda frá 1. janúar 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 12. janúar 1981.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

GJALDSKRÁ**fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.****1. gr.**

Fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti kr. 4.00.
2. taxti kr. 25.00.

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxa greiðir einstaklingur, sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem upphæðir þessar eru í þeim mánuði, sem heimilisþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxa. Hjón og sambýlisfólk er nota heimilisþjónustu greiði eftir 1. taxa, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1.5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxa ella.

3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef þar að lútandi umsókn berst ráðinu og aðstæður krefja þess.

4. gr.

Breytingar á gjaldstiga þessum skulu ákveðnar af félagsmálaráði Akureyrar en tilkynntar bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

5. gr.

Heimilisþjónusta, sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1981, skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Keflavíkur að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21.5. 1964 hefur bæjarstjórn Keflavíkur á fundi sínum hinn 21.10. 1980 gert samþykkt um að áskilja Keflavíkurbæ forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum í Keflavík:

1. flokkur: Þar sem eingöngu eru íbúðarskúrar á lóðum og hús hafa ekki verið byggð á.
5 eignir
 - a) Hringbraut 58.
 - b) Birkiteigur 19.
 - c) Birkiteigur 5.
 - d) Smáratún 20.
 - e) Faxabraut 32 b.
2. flokkur: Þar sem hús standa út í götustæðum og valda slysaættu á gatnamótum.
4 eignir
 - a) Kirkjuvegur 14.
 - b) Kirkjuvegur 15.
 - c) Kirkjuvegur 35.
 - d) Kirkjuvegur 36.
3. flokkur: Þar sem hús standa út í götustæðum.
10 eignir
 - e) Aðalgata 2.
 - f) Aðalgata 6.
 - g) Aðalgata 8.
 - h) Aðalgata 12.
 - i) Aðalgata 14.
 - j) Aðalgata 18.